

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2/10 2017
Málsnr:	1704106
Bréfsl:	b32.2

**Fundargerð**  
**14. eigendafundar Strætó bs.**  
**Skrifstofa SSH, mánudaginn 4. september 2017, kl. 10:00**

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg,  
 Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbær,  
 Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ,  
 Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi,  
 Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ,  
 Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ.

**frá stjórn Strætó bs.:**

Heiða Björg Hilmsdóttir stjórnarformaður Strætó bs., Rvk  
 Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ,  
 Sverrir Óskarsson, Kópavogi,  
 Guðlaug Kristinsdóttir, Hafnarfirði,

Enn fremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

**1. mál: Forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2017**

**a) Almennar forsendur vegna gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018**

Birgir Björn Sigurjónsson gerði grein fyrir framlögðu forsendublaði vegna fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins 2018.

**1. Ytri forsendur:**

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasammlaga SSH fyrir tímabilið 2018-2022 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 31. maí sl.

Breytingar milli ársmeðalta %	Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar					
	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	6,9	5,2	3,4	2,9	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,2	1,8	1,8	1,8
Fjármunamynndun	9,8	4,0	2,7	2,9	4,8	4,6
Útflutningur vörur og þjónustu	8,4	4,1	3,4	3,9	3,0	2,4
Innflutningur vörur og þjónustu	9,6	5,8	3,3	3,8	3,9	3,1
Verg landsframleiðsla	6,0	3,3	2,8	2,7	2,6	2,5
Visitala neysluverðs	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5
Gengisvístala (hækkan = veiking krónu)	-14,1	-3,1	-0,3	0,0	0,0	0,0
Launavístala	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaþarfstofu um þróun vístölu neysluverðs innan ársins 2017 og 2018 þ.e. á milli ársloka 2016 og 2017 annars vegar og ársloka 2017 og 2018 hins vegar.

Breyting milli ársloka (%)	Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar	
	2017	2018
Visitala neysluverðs innan ársins	2,10	3,05

## 2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

## 3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda en þessi þáttur kemur væntanlega til endurskoðunar fyrir lok nóvember 2016 í tengslum við tillögur um hagræðingu á grundvelli rekstrarúttekar eigenda og stjórnar Strætó bs., sjá 6. lið.

## 4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlagu sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64 greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

## 5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.

## 6. Forsendur um hagræðingaraðgerðir

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggja fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna við gerð fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar 3. apríl 2017.

Umræður

## **Niðurstaða:**

Eigendafundur samþykkti að ofangreint verði lagt til grundvallar við gerð fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2018.

### **b) Forsendur stjórnar Strætó bs. vegna fjárhags- og starfsáætlunar 2018.**

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Strætó bs., „forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. 2018“

Heiða Björg Hilmisdóttir, stjórnarformaður Strætó bs. gerði grein fyrir framlagðri tillögu að meginforsendum fjárhags- og starfsáætlunar sem stjórn Strætó bs. leggur til að verði til grundvallar við móton fjárhags- og starfsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2018.

Farið var sérstaklega yfir tillögur stjórnar að breytingum á leiðarkerfi, þ.m.t. tillögu að næturakstri. Áætlaður heildarkostnaður vegna þessara breytinga er um 460 m. króna, og áætlað er að þær leiði af sér aukningu á árlegu rekstrarframlagi sveitarfélaganna upp á 250 – 260 m. króna.

Fram kom að ítarleg útfærsla tillagnanna lægi ekki fyrir en að þær hefðu fengið umfangsmikla umfjöllun í stjórn Strætó bs. og að þær byggja á tillögum sem sveitarfélögin hafa vísað til Strætó bs. fyrir utan breytingu á sumaráætlun. Öll sveitarfélög nema Seltjarnarnes óskað eftir breytingum á leiðarkerfi.

## **Umræður**

Af hálfu fulltrúa eigenda komu almennt fram jákvæð viðhorf til fyrirhugaðra breytinga á leiðarkerfi á dagtíma, en viðhorf til tillagna um næturakstur voru nokkuð mismunandi.

## **Niðurstaða**

Samþykkt var að fela stjórn Strætó bs. að vinna:

- Tillögu að tilraunaverkefni að umfangsminni næturakstri en lagt var til og gjaldskrá fyrir þann akstur.
- Uppfæra forsendur miðað við að gjaldskrá hækki í samræmi við vísitölu Strætó bs. í stað neysluverðsvísitölu.
- Skoða hvort lenging þjónustutíma sé mikilvæg á öllum leiðum sem keyra til klukkan 12 í dag.

Farið verði yfir niðurstöðu þessarar vinnu á öðrum eigendafundi sem haldinn verði eftir 2 vikur.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:15

Páll Guðjónsson, fundarritari.

